

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsið við Lækjatorg  
101 Reykjavík  
[for@for.is](mailto:for@for.is)  
B.t. Katrínar Jakobsdóttur

Reykjavík 8. maí 2023

## Efni: Framlagning viðbótargagna vegna snjóflóðsins í Súðavík 1995

Vísað er til fyrra bréfs skjólstæðinga minna til ráðuneytisins, dags. 19. apríl 2023, og fundar undirritaðs með Katrínu Jakobsdóttur hinn 28. apríl 2023. Undirritaður vill þakka forsætisráðherra fyrir fundinn. Með bréfi þessu eru lögð fram viðbótargögn til frekari upplýsinga um snjóflóðið sjálft, afleiðingar þess á skjólstæðinga mína og þau atvik sem lýst var í fyrra bréfi.

Vakin er athygli á að þau gögn og atriði sem nefnd voru í fyrra bréfi, í fréttáflutningi Heimildarinnar og hér eru eingöngu þau atriði sem okkur hefur verið kleift að afla með þeim takmörkuðu úrræðum sem standa skjólstæðingum mínum og okkur sem lögmönnum þeirra til boða. Þau atriði sem við höfum orðið áskynja um benda til brotalama víða í kerfinu og má ætla að rannsókn yfirvalda muni veita fyllri mynd af atburðarrásinni í aðdraganda snjóflóðsins. Við teljum því mikilvægt að sjálfstæð úttekt yfirvalda fari fram, með þeim úrræðum sem þau búa yfir, bæði til skoðunar á þeim atriðum sem hafa verið nefnd en einnig með það að markmiði að kanna hvort að eitthvað fleira hafi farið aflaga. Þetta gæti þá bæði stuðlað að því að uppræta möguleg kerfislæg vandamál sem eru hugsanlega enn til staðar sem og að veita umbj. mínum viðeigandi viðurkenningu á því ranglæti sem átti sér stað af hálfu yfirvalda í atburðarrásinni í kringum snjóflóðið.


### Viðbótarfylgiskjöl:

21. Snjóflóðahættukort fyrir Súðavík unnið af Dr. Hafliða Helga Jónssyni, ódags. en skv. framburði Hafliða var það unnið eftir að hann kannaði svæðið sem flóðið í janúar 1983 féll í Súðavík og áður en hann lauk störfum hjá Veðurstofu Íslands í ágúst 1984.

- Eins og sjá má er línun dregin neðar en endanlega hættumatið fyrir Súðavík frá 1989. Á þessu snjóflóðahættukorti var Túngata 2, 4, 6 inni á hættusvæðinu sem og Nesvegur 1 og svæðið þar sem Nesvegur 7 reis síðar.
- Samkvæmt framburði Hafliða og kortinu var miðað við ákveðnar dýptir snjós og að flóðið félli úr flatrí brekku. Hafliði hefur tekið fram að útreikningurinn hefði verið annar ef miðað hefði verið við aðrar forsendur, t.d. að snjóflóðið félli úr gili, því þá væri meiri hraði og dýpt á snjó. Svæðið fyrir neðan bláu línuna hafi því alls ekki verið hættulaust.

- Þetta voru vinnugögn sem Hafliði ber um að hafi ekki verið byggt á við gerð hættumatsins 1989 þrátt fyrir vitneskju Veðurstofu Íslands.
22. Útreikningar Dr. Hafliða Helga Jónssonar vegna gerðar snjóflóðahættukorts fyrir Súðavík, ódags. en skv. framburði unnir eftir að hann kannaði svæðið sem snjóflóðið í janúar 1983 féll á og þar til hann lauk störfum hjá Veðurstofu Íslands í ágúst 1984.
  23. Blaðagrein Dr. Hafliða Helga Jónssonar í Morgunblaðinu sem ber heitið „Víða snjóflóðahætta samkvæmt ítrasta hættumati“, dags. 29. mars 1995.
  24. Bréf frá sveitarstjóra Súðavíkurhrepps til þingmanna Vestfjarðarkjördæmis um kostnað við byggingu varnargarða og um heimild til að taka tillit til byggingar varnargarða við mat á legu hættumarka, dags. 9. janúar 1991.
  25. Bréf frá formanni Almannavarna Ríkisins til sveitarstjóra Súðavíkurhrepps um skipun á snjóathugunarmanni, dags. 16. apríl 1991.
  26. Blaðagrein Rögnu Aðalsteinsdóttur í Morgunblaðinu sem ber heitið „Eftirmál snjóflóðsins í Súðavík skjalfest hneyksli“, dags. 3. ágúst 1995.
  27. Blaðagrein sex Súðvíkinga í Morgunblaðinu sem ber heitið „Skýrslur Almannavarna Ríkisins“, dags. 30. mars 1996.
  28. Skýrsla um ástand húsa sem lentu í snjóflóði í Súðavík mánudaginn 16. janúar 1995, ódags.
  29. Greinargerð Veðurstofu Íslands um byggingarár húsa í Súðavík, dags. í maí 2005.

Virðingarfyllst,



Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður